

Kynferðisleg smáskilaboð (sexting) og sambönd

Hverjar eru áhætturnar og afleiðingar við að senda kynferðisleg smáskilaboð?

Það er eðlilegt að unglingar séu forvitnir um kynhneigð sína. Fæst þeirra eru þó meðvituð um áhættuna sem felst í því að kanna þetta viðfangsefni á stafrænum tímum. Í þessum hluta verður leitast við að hjálpa nemendum að meta hvernig bregðast má við aðstæðum þar sem kynlíf, eða beiðni annarra um kynlíf, gæti átt sér stað.

Markmið:

- Að meta kosti og áhættur við sjálfsafhjúpun í samböndum.
- Að þekkja áhættu og hugsanlegar afleiðingar kynferðislegra smáskilaboða (sexting).
- Að læra að nota hugsanaferlið *Tilfinningar og valkostir* til að meta hvernig á að bregðast við ef þú færð kynferðisleg smáskilaboð (sexting).

Lykilhugtök:

Sjálfsafhjúpun • kynferðisleg smáskilaboð (sexting) • viðvörunarbjöllur

Kennsluáætlun 50 mínútur.

Sjálfsafhjúpun (e. Self-Disclosure)

15 mínútur

Fyrst: Í þessari kennslustund verður fjallað um viðkvæmt viðfangsefni sem er kynferðisleg smáskilaboð (sexting) sem getur verið erfitt fyrir kennara og nemendur að ræða. Þið gætuð þurft að aðlagja kennsluna að þeim hópi sem þið vinnið með hverju sinni. Til dæmis gæti átt betur við að skipta hópunum eftir kynjum. Það gæti líka farið betur á því að vinna verkefnin einstaklingsbundið frekar en í hópum. Gefið nemendum val um hvort þau taka þátt í hópumræðum.

1.

Spyrjið: Munið þið eftir einhverju skipti þar sem þið deilduð leyndarmáli eða einhverju mjög persónulegu með einhverjum öðrum?

Gefið nemendum færi á að hugsa sig um og segja frá ef þau vilja. Leggið áherslu á að þau þurfi ekki að segja hvert leyndarmálið var eða hverjum það var sagt, heldur lýsa upplifun sinni og hvernig þeim leið.

2.

Útskýrið að það kallast **sjálfsafhjúpun** þegar við deilum persónulegum hugsunum okkar og tilfinningum með öðrum (**glæra 4**). Sjálfsafhjúpun getur fært fólk nær hvert öðru en getur líka verið áhættusöm.

3.

Útskýrið að ein algeng tegund sjálfsafhjúpunar eru kynferðisleg smáskilaboð eða **sexting**, sem er stafræn deiling á kynlífsmyndum eða myndböndum með öðrum (**glæra 5**). Segið nemendum að nú muni þau sjá stutt myndband um þetta efni og ræða það svo.

Útskýrið að þetta sé mjög viðkvæmt málefni og það sé mikilvægt að þau sýni þroska þegar fjallað er um það. Farið yfir helstu umræðureglur og hafið eftirfarandi í huga (**glæra 6**).

1. Segðu satt og rétt frá.
2. Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra.
3. Ekki trufla eða grípa fram í.
4. Ef þú ert ósammála – sýndu samt virðingu.

Gefið dæmi og svarið spurningum nemenda ef einhverjar eru.

4.

Sýnið glæru 7 og biðjið nemendur að hafa spurningarnar tvær í huga meðan þau horfa á myndbandið [Raddir unglinga: Sextaskilaboð, sambönd og áhættur](#). Að áhorfi loknu ræða nemendur hugleiðingar sínar út frá spurningunum.

5.

Takið saman helstu ástæður og áhættur sem tengjast kynferðislegum smáskilaboðum, þar á meðal:

Ástæður:

- Að fá einhvern til að líka við sig.

- Að sýna sjálfstraust.
- Hópprýstingur.

Áhættur:

- Efninu gæti verið deilt með fólki sem þú vilt ekki að sjái það, eins og fjölskyldu, fólki sem þú þekkir ekki eða vini.
- Samband þitt við viðkomandi gæti breyst en myndin hverfur ekki og þú gætir séð eftir því að hafa sent hana.

Útskýrið að í næsta verkefni muni þau skoða og greina ákveðnar aðstæður þar sem kynferðisleg smáskilaboð sexting koma við sögu.

Textaskilaboð seint að kvöldi

20 mínútur

1.

Dreifid verkefninu [Kynferðisleg smáskilaboð \(sexting\) og sambönd - Skilaboð seint að kvöldi](#) og lesið 1. hluta upphátt eða hver fyrir sig.

Spyrjið: Hvað finnst ykkur um þessa stöðu? Voru skilaboðin frá Tyler í lagi?

Látið nemendur ræða sín á milli og deila svo niðurstöðum sínum með bekknum. Þau hafa kannski komist að þeirri niðurstöðu að þetta hafi ekki verið í lagi því Tyler sé að setja pressu á Elísu eða af því að hann verður fyrir þrýstingi frá eldri bróður sínum.

2.

Spyrjið: Hvernig líður Elísu með það sem Tyler biður hana um? Hvernig vitum við það?

Nemendur ættu að átta sig á að Elísu líður ekki vel með þetta því hún svarar hikandi og segir „ég veit ekki hvort ég vil það...“ Látið nemendur merkja við það sem hún segir, sem bendir til þess að henni líði ekki vel með beiðnina.

3.

Útskýrið að þetta sé dæmi um **viðvörunarbjöllur**. Við tölum um að **viðvörunarbjöllur** hringi þegar eitthvað gerist á netinu sem fær þig til að líða óþægilega, hafa áhyggjur eða fyllir þig sorg eða kvíða (**glæra 8**). Það er viðvörunarmerki um að eitthvað gæti verið að.

Þegar viðvörunarbjöllur hringja er mikilvægt að hægja á, staldra við og hugsa um hvernig þér líður og þá getur hugsanaferlið **Tilfinningar og valkostir** nýst vel (glæra 9).

Tilfinningar og valkostir eru hugsanaferli sem byggja á ígrundaðri ákvarðanatöku og félagsfærni við lausn stafrænna vandamála.

Látið nemendur lesa upp spurningarnar sem tengjast hverju skrefi.

4.

Segið nemendum að þau muni nota hugsanaferlið *Tilfinningar og valkostir* til að skoða hvernig er best að takast á við þá stöðu sem Elísa er í. Látið nemendur vinna í hópum til að ræða og ljúka við 2. hluta verkefnisins.

Biðjið nemendur um að deila svörum sínum í 2. hluta. Notist við lausnirnar [Kynferðisleg smáskilaboð \(sexting\) og sambönd - Skilaboð seint að kvöldi - Lausnir](#) til að styðja við umræðurnar.

5.

Spyrjið: *Hvað gæti gerst ef Elísa myndi gera það sem Tyler biður um? En ef hún gerir það ekki?* Bjóðið þeim sem það vilja að svara spurningunum. Leggið áherslu á eftirfarandi, sem gæti mögulega gerst án þess að það sé ætlunin:

- Samfélagsmiðlar og öpp gera það að verkum að birting og deiling er fljótleg og auðveld. Það er erfitt að vita hvert myndirnar munu fara, hverjir gætu fengið þær og hverjir gætu endurbirt þær.
- Kynferðisleg smáskilaboð geta á auðveldan hátt farið út fyrir þitt félagslega net og dreifst til stórs hóps viðtakenda. Um leið og þú sendir hefur þú misst stjórn á efninu til eilíðar. Þú hefur enga stjórn á því í hvaða ljósi og samhengi fólk sér það og á hvaða hátt þau deila því með öðrum.
- Jafnvel þótt við treystum einhverjum, vitum við aldrei. Fólk breytist; það verða vinslit og fólk gæti tekið upp á því að hefna sín með því að deila einhverju persónulegu í þeim tilgangi að niðurlægja.
- xx

6.

Til viðbótar: Í þessu verkefni var unnið út frá sjónarhóli Elísu en það var hún sem fékk beiðnina um að senda mynd af sér án fata. Ef tími gefst til má bæta við verkefnið og fjalla um málið út frá hlið Tyler. Nemendur skoða 4. hluta verkefnisins, ræða í hópum og síðan með bekknum.

Raunveruleg viðbrögð

15 mínútur

1.

Nemendur taka aftur fram verkefnið og ljúka 3. hluta.

2.

Nemendur deila svörum sínum. Skráið svör þeirra á **glæru 10**. Notið eintak kennara til þess að styðja við umræðuna.

3.

Sýnið glæru 11 og ítrekið að þegar kemur að sjálfsafhjúpun er aldrei í lagi að:

- **Þrýsta á einhvern** að gera eitthvað sem viðkomandi finnst óþægilegt, eins og til dæmis að senda kynferðisleg smáskilaboð (sexting).
- **Upplifa þrýsting** til að senda kynferðisleg smáskilaboð (sexting), til dæmis með hótunum eða fjárkúgun. Ef þið verðið fyrir slíku skuluð þið loka á sendandann og segja einhverjum fullorðnum, sem þið treystið, frá. Börn og fullorðnir geta líka alltaf talað við einhvern hjá 1717 (hjálparsíma Rauða krossins) eða haft samband við 112 gegnum síma eða netspjall.
- **Deila eða senda kynferðisleg smáskilaboð (sexting)** áfram ef þið hafið fengið slíkt sent. Ef þið gerið það takið þið þátt í því að niðurlægja, og jafnvel eyðileggja líf, viðkomandi.